


Education at a Glance 2007: OECD Indicators

Summary in Icelandic



Litið á menntamál 2007: vísar OECD

Útdráttur á íslensku

- *Litið á menntamál* er árlegt ágríp um gögn um menntakerfi í OECD og samstarfsríkjum. Í því er horft til þessara lykilsviða: þátttöku og framkvæmda í menntamálum; útgjalda til menntamála, símenntunar og aðstæðna í skólumálum.
- Í útgáfunni 2007 er einkum litið til háskólastigsins og þar er komist að raun um að enn séu engin teikn um að menntafærni sé að tapa gildi sínu – þrátt fyrir öra þenslu.
- Og í fyrsta skipti er í *Litið á menntamál* könnuð skilvirkni menntunar og bent á nokkrar vísbendingar um aðgerðir sem er þörf ef umbætur eiga að verða í menntun á sama hátt og í öðrum starfsgreinum til að fá meira fyrir það fjármagn sem varið er til menntamála.

Litið á menntamál er árleg samantekt OECD á gögnum og greiningu um menntun þar sem bent er á ríkulegt, sambærilegt og uppfært safn vísa um menntakerfi í hinum 30 aðildarríkjum OECD og í fjölda samstarfshagkerfa. Aðalsviðin sem fjallað er um eru:

- þátttaka og framkvæmdir í menntamálum
- opinber og einkaútgjöld til menntamála
- staða símenntunar
- aðstæður nemenda og kennara

Í 2007 útgáfunni eru könnuð áhrifin af aukinni háskólamenntun á vinnumarkaðinn. Hlutfall útskrifaðra með æðri menntun hefur vaxið umtalsvert í OECD ríkjum undanfarna áratugi, en hefur aukið framboð á vel menntuðum starfsmönnum haldist í hendur við tilkomu vel launaðra starfa? Eða munu allir með háskólagráðu einn daginn vinna fyrir lágmarkslaunum? Með því að nota nýleg gögn og vísa sem eru sambærileg meðal OECD ríkjanna er í *Litið á menntamál 2007* komist að raun um að aukin háskólamenntun hefur haft jákvæð áhrif á einstaklinga og hagkerfi þjóðanna og að að svo komnu máli séu engin teikn um „verðbólgu“ í prófgráðum.

Í *Litið á menntamál* er skilvirkni menntunar athuguð í fyrsta skipti (vísir B7). Þótt þessi vísir sé enn á rannsóknarstigi leiðir hann í ljós hversu mikilla aðgerða er þörf í menntamálum til að endurnýja greinina á sama hátt og aðrar starfsgreinar hafa þegar gert, til að fá meira fyrir það fjármagn sem varið er til greinarinnar þegar aukinn þrýstingur er á opinbera fjármuni.

Lykilniðurstöður í þessari útgáfu:

Það hafa verið eftirtektarverðar framfarir í þeim fjölda sem lýkur framhaldsskólanámi á OECD svæðinu.

Í 22 af OECD ríkjunum 29 og í samstarfshagkerfunum Eistlandi, Ísrael, Rússneska sambandsríkinu og Slóveníu hafa 60% eða fleiri fullorðinna lokið a.m.k. framhaldsskólanámi en 26% hafa lokið háskólanámi. Niðurstöður sýna líka að:

- hlutfall 25 til 34 ára í aðildarríkjum OECD sem hafa lokið framhaldsskólamenntun er að meðaltali 13 prósentustigum yfir hlutfallinu í aldurshópnum 45 til 54 ára.

- í öllum OECD ríkjum eru yngri fullorðnir einstaklingar (25-34) meira en þrisvar sinnum líklegri til að hafa lokið gráðum í raunvísindum en eldri fullorðnir einstaklingar (55-64). Engu að síður fellur hlutfallið niður fyrir tvo í verkfræði. Í Danmörku, Noregi, Ungverjalandi og Þýskalandi munu fljótlega fara fleiri verkfræðingar út af vinnumarkaði en hafa komið inn á hann undanfarin ár.

- ungt fólk dregst að félagsvísindum, viðskiptum og lögfræði. Næstum einn

Tafla A1.1a. Menntunarstaða:
fjöldi fullorðinna (2005)



Country	Upper secondary completion rate (%)	Tertiary completion rate (%)
Albania	10.0	1.0
Algeria	10.0	1.0
Argentina	10.0	1.0
Australia	10.0	1.0
Austria	10.0	1.0
Bahrain	10.0	1.0
Bangladesh	10.0	1.0
Belgium	10.0	1.0
Brazil	10.0	1.0
Bulgaria	10.0	1.0
Canada	10.0	1.0
Chile	10.0	1.0
China	10.0	1.0
Czechia	10.0	1.0
Denmark	10.0	1.0
Egypt	10.0	1.0
Ecuador	10.0	1.0
Egypt	10.0	1.0
France	10.0	1.0
Germany	10.0	1.0
Greece	10.0	1.0
Guatemala	10.0	1.0
Hong Kong	10.0	1.0
Hungary	10.0	1.0
India	10.0	1.0
Indonesia	10.0	1.0
Iran	10.0	1.0
Ireland	10.0	1.0
Israel	10.0	1.0
Italy	10.0	1.0
Jamaica	10.0	1.0
Japan	10.0	1.0
Jordan	10.0	1.0
Korea	10.0	1.0
Kuwait	10.0	1.0
Latvia	10.0	1.0
Lithuania	10.0	1.0
Luxembourg	10.0	1.0
Mexico	10.0	1.0
Moldova	10.0	1.0
Morocco	10.0	1.0
Netherlands	10.0	1.0
New Zealand	10.0	1.0
Norway	10.0	1.0
Poland	10.0	1.0
Portugal	10.0	1.0
Romania	10.0	1.0
Russia	10.0	1.0
Saudi Arabia	10.0	1.0
Slovakia	10.0	1.0
Slovenia	10.0	1.0
Spain	10.0	1.0
Sweden	10.0	1.0
Switzerland	10.0	1.0
Taiwan	10.0	1.0
Tanzania	10.0	1.0
Turkey	10.0	1.0
Ukraine	10.0	1.0
United Kingdom	10.0	1.0
United States	10.0	1.0
Uruguay	10.0	1.0
Vietnam	10.0	1.0
Yemen	10.0	1.0

Þriðji fullorðinna hefur farið í slíkt nám og yngri fullorðnir einstaklingar eru með næstum 3,5 sinnum fleiri einstakar gráður í þessum greinum en eldri fullorðnir einstaklingar.

- hlutfall yngri gagnvart eldri aldurshópum sem stunda kennaranám er u.þ.b. 1 meðal OECD ríkja. Í Bretlandi, Danmörku, Hollandi, Svíþjóð og Þýskalandi er hlutfallið undir 1 sem gefur til kynna að hugsanlega verði erfitt að finna starfsfólk til fræðslustarfa þegar eldri kynslóðin fer á eftirlaun á komandi árum.

Fleira ungt fólk útskrifast úr framhaldsskólanámi og kynjahlutföllin eru að breytast.

Frá 1995 hefur hlutfall útskrifaðra úr framhaldsskólanámi aukist um að meðaltali 7% í OECD ríkjum með sambærileg gögn. Í 21 af OECD ríkjum 24 fer útskriftarhlutfallið upp fyrir 70% en í Finnlandi, Grikklandi, Írlandi, Japan, Kóreu, Noregi og Þýskalandi er það um eða yfir 90%. Á sama tíma er bilið milli útskriftarhlutfalls í Mexíkó og Tyrklandi og annarra OECD ríkja að minnka.

- Konur eru nú líklegri en karlar til að ljúka framhaldsskólanámi – umsnúningur frá því sem verið hefur. Aðeins í Kóreu, Sviss og Tyrklandi er útskriftarhlutfall fyrir konur lægra en fyrir karla; og aðeins í samstarfshagkerfinu Slóveníu eru það jafnt og hjá körlum.

- Þótt karlar í mörgum löndum séu líklegri til að stunda starfsnám er í næstum helmingi landanna annað hvort enginn munur eða hærra hlutfall kvenna sem stunda slíkt nám.

Fjöldinn sem útskrifast úr háskólanámi eykst líka.


Í OECD ríkjum 24 sem eru með sambærileg gögn hafa að meðaltali 36% námsmanna í viðkomandi aldurshópi lokið hefðbundinni háskólagráðu. Í Austurríki, Finnlandi, Ítalíu, Portúgal, Slóvakíu og Sviss hefur útskriftarhlutfallið tvöfaldast á síðustu 10 árum. Engu að síður er mikill mismunur milli ríkja á hlutfalli námsmanna sem ljúka annað hvort fræðilegri háskólagráðu eða starfstengdu háskólanámi. Vísarnir sýna að:

- útskriftarhlutfall frá hefðbundnum háskólum spannar frá u.þ.b. 20% eða minna af viðkomandi aldurshópi í Austurríki, Tyrklandi og Þýskalandi til ríflega 40% í Ástralíu, Danmörku, Finnlandi, Hollandi, Íslandi, Ítalíu, Noregi, Nýja-Sjálandi og Póllandi.


- útskriftarhlutfallið fyrir styttra starfstengt nám samsvarar 9%, og 1,3% fyrir doktorsgráðu.

- í þeim 19 OECD ríkjum þar sem slík gögn eru tiltæk ljúka að meðaltali 30% þeirra námsmanna sem skrá sig til náms ekki háskólanáminu.

Graf A2.3. Hlutfall útskrifaðra úr almennu framhaldsskólanámi, eftir kyni (2005)



Graf A3.1. Útskriftarhlutfall úr fræðilegu háskólanámi, 5A (1995, 2000, 2005)



Það eru miklar sveiflur í hlutfalli ungs fólks sem býst við að fara í háskólanám.

Um 57% 15 ára unglinga í OECD ríkjum búast við að fara í háskóla en þetta hlutfall er allt frá því að vera 95% námsmanna í Kóreu til þess að vera 21% í Þýskalandi. Vísarnir sýna að væntingar eru breytilegar í ríkjum eftir frammistöðu einstaklinganna, kyni, félagslegum bakgrunni og innflytjendastöðu.

- Gögn sem var safnað árið 2003 í gegnum PISA-áætlun OECD (Áætlun um alþjóðlegt námsmannamat) sýna að væntingar 15 ára unglinga til þess að ljúka háskólastigi eru nátengdar frammistöðu þeirra í stærðfræði og lestri.

- Óháð hæfileikum til fræðilegs náms eru 15 ára unglingar með veikari félagslegan bakgrunn ólíklegri til að búast við að ljúka háskólanámi en unglingar með sterkari félagslegan bakgrunn.

- Í flestum ríkjum eru 15 ára námsmenn af erlendum uppruna líklegri til að búast við að ljúka háskólastigi en innfæddir jafnaldrar þeirra. Væntingar þessara námsmanna eru jafnvel meiri þegar þær eru bornar saman við innfædda námsmenn með svipaða hæfni og svipaðan félagslegan bakgrunn.


Skólar og samfélög sjá fram á meiriháttar áskorun í samþættingu innflytjenda.

Alþjóðlegir fólksflutningar eru orðnir að mikilvægu málefni í flestum OECD ríkjum og kveikja ákafa umræðu um hvernig hægt er að samþætta innflytjendur inn í samfélög og vinnumarkaði með góðum árangri. PISA bætir við mikilvægri nýrri sýn á umræðuna með því að meta námsárangur 15 ára námsmanna úr innflytjendafjölskyldum. Það er ljóst að mikilvæg áskorun er framundan fyrir menntakerfið, einkum í Evrópu. Vísarnir sýna að:

- í þeim 14 OECD ríkjum þar sem innflytjendur eru umtalsverður hluti fólksfjöldans dragast námsmenn af fyrstu kynslóð innflytjenda aftur úr hinum innfæddu jafnöldrum sínum um að meðaltali 48 stig – jafngildi framvindu meira en eins skólaárs – á mælikvarða PISA yfir stærðfræði. Frammistaða námsmanna af annarri kynslóð innflytjenda er enn á eftir sem samsvarar 40 stigum. Í Kanada, Lúxemborg, Sviss og Svíþjóð og samstarfshagkerfinu Hong Kong-Kína standa námsmenn af annarri kynslóð innflytjenda sig umtalsvert betur en námsmenn af fyrstu kynslóð og bilið í frammistöðu hefur minnkað um 31 stig í Sviss og 58 stig í Svíþjóð.

- frammistaða námsmanna af erlendum uppruna er breytileg eftir ríkjum, allt frá því að vera lítið eitt verri í Ástralíu, Kanada og Nýja-Sjálandi til þess að vera meira en 90 stigum á eftir í Belgíu og Þýskalandi, jafnvel fyrir börn af annarri kynslóð innflytjenda.

Box C3.1. Langtíma vöxtur í fjölda nemenda sem skráðu sig annars staðar en í því landi þar sem þeir eru með ríkisborgarétt



Fá ríki hafa efni á að treysta einvörðungu á fjölskyldur sem eru auðugar að fé og/eða mannauði til að leggja samfélaginu til einstaklinga með betri menntun.

Ríki standa sig mjög misvel í að gera námsmönnum með bakgrunn verkamanna kleift að taka þátt í æðri menntun. Samdráttur í störfum sem gera ekki kröfu um fagmenntun í þróuðum ríkjum bendir til að ófaglærðir starfsmenn taki þá áhættu að verða í æ meira mæli baggi á samfélaginu og geti þurft að horfast í augu við vaxandi ójafnrétti. Að jafna aðstæður á milli betur og verr stadda námsmanna er ekki aðeins spurning um jafnrétti, það er líka leið til að fjölga starfsmönnum sem geta sinnt störfum sem krefjast mikillar hæfni og að auka samkeppnishæfni í atvinnulífi. Vísarnir sýna að:

- í mörgum ríkjum eru námsmenn umtalsvert líklegri til að afla sér æðri menntunar ef feður þeirra hafa lokið æðri menntun. Á Írlandi og Spáni er jafnasta aðgengið að æðri menntun en í Austurríki, Frakklandi, Portúgal og Þýskalandi eru námsmenn með bakgrunn verkamanna helmingi síður líklegir til að afla sér æðri menntunar en búast mætti við miðað við mannfjölda.

Þeim mun lengri tíma sem einstaklingar verja í menntun þeim mun líklegri eru þeir til að fá starf og til að fá hærri tekjur.

Hagkerfi OECD ríkja reiða sig í auknum mæli á stöðugt framboð af vel menntuðum starfsmönnum og þessi tilhneiging er líkleg til að styrkjast. Um leið og mannfjöldinn í OECD ríkjum eldist munu hærri menntunarstaða og þátttaka í atvinnulífi til lengri tíma hjálpa til við að lækka framfærsluhlutfall og hjálpa til við að létta byrðarnar af fjármögnun opinbers lífeyris. Vísarnir sýna að:

- atvinnuþátttaka eykst með frekari menntun í flestum OECD ríkjum. Með fáum undantekningum er hlutfall þeirra sem útskrifast úr háskóla sýnilega herra á vinnumarkaði en þeirra sem útskrifast úr framhaldsskólanámi.

- mismunur á atvinnuþátttöku karla og kvenna er meiri hjá hópum sem eru með litla menntun. Meðal þeirra sem ekki eru með framhaldsskólapróf eru líkurnar á að vera starfandi 23% meiri hjá körlum en konum. Líkurnar minnka niður í 10 prósentustig fyrir þá sem hafa mestu færnina.

- í 25 OECD ríkjum og samstarfshagkerfinu Ísrael höfðu einstaklingar með háskólagráður og doktorsmenntun tekjur sem voru a.m.k. 50% hærri en hjá einstaklingum sem höfðu ekki aflað sér meiri menntunar en framhaldsskólaprófs.

OECD ríki verja 6,2% af vergri landsframleiðslu til menntastofnana og eru að byrja að hugsa meira um skilvirkni í menntakerfinu.

Menntaútrásinni hafa fylgt gríðarmiklar fjárfestingar. Milli 1995 og 2004 jukust útgjöld til menntastofnana um að meðaltali 42% fyrir allt menntakerfið í OECD ríkjum. Vísabendingar sýna að í OECD ríkjum geti útkoma úr menntakerfinu aukist um 22% þótt sama útgjaldastigi sé haldið. Meðal niðurstaðnanna:

Graf A9.1 Hlutfallslegur ávinningur fyrir einstakling sem lýkur háskólagráðu, ISCED 5/6 (2003)



Graf B2.1. Útgjöld til menntastofnana sem hlutfall af vergri landsframleiðslu á öllum menntastigum (1995, 2004)



- Útgjöld til grunnþjónustu í menntun (fyrir utan rannsóknir og þróun og stoðþjónustu) í háskólastofnunum eru að meðaltali um 7.644 bandaríkjadalar á nemanda og eru á bilinu frá 4.500 bandaríkjadöllum eða minna í Grikklandi, Ítalíu, Póllandi og Tyrklandi í að vera meira en 9.000 bandaríkjadalar í Austurríki, Ástralíu, Bandaríkjunum, Danmörku, Noregi og Sviss.


- OECD ríki eyða að meðaltali 81.485 bandaríkjadöllum á nemanda í grunnskóla- og framhaldsskólanámi, frá minna en 40.000 bandaríkjadöllum í Mexíkó, Póllandi, Slóvakíu og Tyrklandi í að eyða 100.000 bandaríkjadöllum eða meira í Austurríki, Bandaríkjunum, Danmörku, Íslandi, Lúxemborg, Noregi og Sviss.

- Lægri útgjöld á einingu leiða ekki endilega til lélegri árangurs. Til dæmis eru uppsöfnuð útgjöld Hollands og Kóreu fyrir neðan OECD meðaltalið og samt eru bæði ríki meðal þeirra sem best stóðu sig í könnun PISA 2003.

Einkafjármögnun menntunar verður æ mikilvægari...

Að meðaltali verja OECD ríki 13,4% af öllum opinberum útgjöldum til menntastofnana en hlutfallið er á bilinu frá 10% eða minna í Grikklandi, Ítalíu, Japan, Tékklandi og Þýskalandi til meira en 20% í Mexíkó og Nýja-Sjálandi. Árið 2004 komu að meðaltali 87% af útgjöldum á öllum menntastigum frá opinberum aðilum. Í öllum ríkjum þar sem til eru sambærileg gögn um allt menntakerfið jókst opinber fjármögnun milli 1995 og 2004. Engu að síður jókst fjármögnun einkaaðila jafnvel meira í næstum þremur fjórðu þessara ríkja. Um 24% útgjalda til háskólamenntunar og 20% útgjalda til leikskólastofnana komu frá einkaaðilum.

Graf B2.2. Útgjöld til menntastofnana sem hlutfall af verri landsframleiðslu (2004)



Skólagjöld eru afar breytileg í OECD ríkjum.

Fjórðungur OECD ríkja (Norðurlöndin, Írland, Pólland og Tékkland) innheimtir engin skólagjöld. Aftur á móti innheimta opinberar menntastofnanir í fjórðungi OECD ríkjanna og samstarfshagkerfanna skólagjöld fyrir heimamenn sem eru hærri en 1.500 bandaríkjadalar.

- OECD ríki þar sem námsmenn greiða skólagjöld og geta notið mikilla opinberra styrkja sýna ekki verri aðgang að fræðilegri háskólamenntun (A-tegund) en að meðaltali í OECD ríkjum.

Fólk nýtir sér tækifæri til menntunar bæði fyrr og síðar í lífinu, og fleira fólk fer utan til náms.

Það er umtalsverð fjölbreytni í þátttöku í óformlegri, vinnutengdri símenntun og þjálfun og í fjórum OECD ríkjum – Bandaríkjunum, Danmörku, Finnlandi og Svíþjóð – hafa meira en 35% fólksfjöldans á aldrinum 25 til 64 ára tekið þátt í þeirri tegund menntunar og þjálfunar síðustu 12 mánuðina.

- Fullorðnir einstaklingar með hærri menntunarstöðu eru líklegri til að taka þátt í óformlegri vinnutengdri símenntun og þjálfun en fullorðnir sem hafa lægri menntunarstöðu.

- Í meira en helmingi OECD ríkjanna voru 70% barna á aldrinum þriggja

til fjögurra skráð í annað hvort leikskóla eða barnaskóla. Í evrópsku OECD ríkjum 19 nær hlutfallið 75,9%.

- Árið 2005 voru meira en 2,7 milljónir háskólanema skráðar í nám utan þess lands þar sem þeir höfðu ríkisborgararétt sem er 5% aukning í heildarfjölda erlendra námsmanna árið á undan.

Kennslutími, laun kennara og hlutfall nemenda á kennara er breytilegt eftir ríkjum.


Ákvarðanir um hversu mörgum klukkutímum og árum nemendur verja í skólafundum og í námið endurspeglar forgangsmál hvers ríkis. Taka þarf tillit til fjárhags sem á líka sinn þátt í að móta menntun: Laun kennara eru stærsti einstaki kostnaðarliðurinn við að koma á skólamenntun og eru sem slík brýnt umhugsunarefni fyrir stefnumótendur sem keppast við að bæði viðhalda gæðum menntunar og halda kostnaði í skefjum. Á meðan bekkjarstærð hefur orðið heitt umræðuefni í mörgum OECD ríkjum eru merki um áhrif bekkjarstærðar á frammistöðu nemenda blendin. Meðal niðurstaðna um þessi grundvallaratriði í stefnumótun í menntamálum:

- Í OECD ríkjum er næstum 50% af kennslutímum samkvæmt skyldunámsskrá hjá nemendum á aldrinum 9 til 11 ára varið til kennslu í lestri, skrift, bókmenntum, stærðfræði og raunvísindum. Í Ástralíu og samstarfshagkerfunum Ísrael og Chile er 13% eða minna varið til lestrar, skriftar og bókmennta en í Frakklandi, Hollandi og Mexíkó er 30% eða meira af skyldunámsskránni varið í þessi fög.

- Laun kennara með að minnsta kosti 15 ára reynslu á unglingsstigi eru meira en tvisvar sinnum hærri en verg landsframleiðsla á mann í Kóreu og Mexíkó; á Íslandi, Noregi og samstarfshagkerfinu Ísrael eru laun 75% eða minna af vergri landsframleiðslu á mann. Þessi laun eru á bilinu frá tæplega 16.000 bandaríkjadöllum í Ungverjalandi til 51.000 bandaríkjadala eða meira í Kóreu, Sviss og Þýskalandi, og meira en 88.000 bandaríkjadala í Lúxemborg.

- Frá 2000 til 2005 breyttist meðalbekkjarstærð ekki að ráði en munur á bekkjarstærðum í OECD ríkjum virðist hafa minnkað. Bekkjarstærð minnkaði í ríkjum þar sem bekkir voru tiltölulega stórir, eins og í Japan, Kóreu og Tyrklandi, og stækkaði í ríkjum þar sem bekkir voru tiltölulega litlir, eins og á Íslandi.

Chart D3.2. Laun kennara (lágmark, með 15 ára reynslu og hámark) á unglingsstigi (2005)



© OECD 2007

Þessi útdráttur er ekki opinber OECD þýðing.

Eftirprentun þessa útdráttar er leyfileg, að því tilskildu að getið sé höfundarréttar OECD og titils upprunalegu útgáfunnar.

Fjöltyngdir útdrættir eru þýdd ágríp af útgáfum OECD sem upphaflega voru gefnar út á ensku og frönsku.

Þeir eru fáanlegir án endurgjalds í netbókaverslun OECD www.oecd.org/bookshop/

Hafið samband við Réttinda- og þýðingareiningu OECD, framkvæmdanefnd fjölmiðlunar og almannamálefna ef frekari upplýsinga er þörf hjá: rights@oecd.org eða með faxi: +33 (0)1 45 24 99 30.

OECD Rights and Translation unit (PAC)
2 rue André-Pascal, 75116
Paris, France

Heimsækið vefsíðu okkar www.oecd.org/rights/

